

1. Stjórnarfundur 14. ágúst 2019

Mættar: Ingibjörg, Guðrún Edda, Jensína, Jónína, Jóna, Eygló, Theodóra, Aníta.

Fundurinn haldinn á Skype

Fundargerð ritar Aníta.

1. Fundargerð undirbúningsfundar

Aníta les fundargerð undirbúningsfundar.

Jóna gerir eina athugasemd varðandi fundargerðina, vegna umræðu um að hægt sé að sækja um inngöngu í samtökin. Eitthvað er á huldu um hvort þetta sé rétt skilið og ákveðið að ganga úr skugga um það áður en við aðhöfumst frekar í þessum efnum.

Fundargerð að öðru leyti samþykkt.

2. Staðan á nefndarskipun og embættum:

- a. Nefndir eru fullmannaðar og formenn eða staðgenglar þeirra tóku þátt í þjálfun á forráðstefnum Alþjóðaráðstefnunnar. Enn þá á eftir að skipa formenn í 2 nefndir. Guðrún Edda og Ingibjörg ræða við þær nefndir, sem þær fóstara. Athuga að fá þátttöku Lambda og Ný deilda í nefndir. Ákveðið að Aníta og Jónína hafi samband við formenn þessara deilda til þess að fá tillögu um konur til starfa í Félaga- og útbreiðslunefnd (Ný deild) og Námsstyrkjanefnd (Lambdadeild). Ingibjörg, forseti, sendir starfslýsingu nefnda á formenn nefnda og tengiliði þeirra úr stjórn. Einnig mun hún útskýra hlutverk tengiliða úr stjórn við nefndirnar.
- b. Lagt verður fyrir framkvæmdaráðsfund að gjaldkeri verði áfram Jensína Valdimarsdóttir.
- c. Lagt verður fyrir framkvæmdaráðsfund að Auður Torfadóttir verði lögsögumaður áfram.
- d. Eygló Björnsdóttir verður vefstjóri.
- e. Rætt um hvort bjóða eigi formönnum nefnda og Evrópuforseta á fundinn. Samþykkt að gera það.

3. Framkvæmdaáætlun sem gerð voru drög að á undirbúningsfundi í vor, yfirfarin. Nokkrar breytingar gerðar. Rætt um hvort við eigum að fylgja betur Strategic plan frá Alþjóðasamtökunum, sem er til 10 ára, eða setja vinnu af stað til að búa slíkt plan til. Fundarkonur ræða kosti þess og galla að fara út í þá vinnu að búa til slíkt plan fyrir DKG á Íslandi. Ingibjörg leggur til að sett verði inn í framkvæmdaáætlunina 2019-2021 að vinna að slíku plani með framkvæmdaráðinu. Tillögunni var vel tekið og í framhaldi rætt um hvar þetta ætti heima í framkvæmdaáætluninni. Ákveðið að búa til nýjan kafla sem heitir Stefnumótun, þar sem fjallað verður um þennan þátt. Ingibjörg skrifar drög að texta og ber undir stjórnina.

4. Dagskrá framkvæmdaráðsfundar 14. september kl. 10-16.

- a. Lögð verður fram til samþykktar framkvæmdaáætlun stjórnar.
- b. Lögð verður fyrir fjárhagsáætlun sem samþykkt var á síðasta þingi og uppgjör ráðstefnunnar.

- c. Lögð verður fyrir til samþykktar fjárhagsáætlun til eins árs.
- d. Lögð verður fyrir tillaga að gjaldkera og vefstjóra landsamtakanna.
- e. Lögð verður fram tillaga um að **Vorþing verði haldið 9. maí 2020 á Vesturlandi í samvinnu við Deltadeildina.**
- f. Afgreidd verða mál sem ekki geta beðið til næsta landssambandsþings að Auður Torfadóttir verði lögsögumaður eitt tímabil í viðbót.
- g. Ingibjörg ber fram tillögu að dagskrá framkvæmdaráðsfundar. Rætt um hvaða önnur atriði við eigum að setja inn á dagskrána. Jóna leggur til að sagt verði frá Stefnumótunarvinnu (DKG Strategic Plan) sem alþjóðasamtökin leggja til að unnið verði að í hverju landssambandi. Lagt var til að Elva Ýr hjá fjölmiðlanefnd tali um miðlalæsi ef hægt er. Einnig var rætt um skipulag umræðna sem fara eiga fram á framkvæmdaráðsfundinum um samtökin og starf þeirra.

5. Fréttabréf forseta

Ingibjörg hefur ritað fyrsta fréttabréf forseta og sent á stjórn. Jóna og IEG munu fara yfir hvernig fréttabréfum forseta verður best fyrir komið. IEG mun boða formenn og aðra gesti til framkvæmdaráðsfundar.

6. Önnur mál

Rætt um stöðu mála varðandi flugfrelsi. Jensína kaupir flugfrelsi fyrir þær sem búa á Akureyri og Ísafirði.

Hugleiðingar um líklegan fjölda á Vorþingi, vegna væntanlegra viðræðna við hótél.

Rætt um veitingar vegna framkvæmdaráðsfundar. Rætt um að fá veitingar frá bakaríi að morgni, samlokur frá Sóma, grænmeti og ávexti í hádeginu, hvítvín og huggulegt nasl í lok fundar.

Ingibjörg pantar Sómasamlokur og kaupir hvítvín. Einnig þarf að kaupa rósir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:04